

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

### Menntabúðir Samnor-skólanna



**Anna Eyfjörð Eiríksdóttir**

## Helstu upplýsingar

Nafn skóla: Menntaskólinn á Akureyri

Nafn verkefnis: Menntabúðir Samnor-skólanna

Nafn verkefnisstjóra: Anna Eyfjörð Eiríksdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-194 2019

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Efla lærdómssamfélög kennara á Norðausturlandi, í framhaldsskólunum á Akureyri, Laugum, Húsavík og Tröllaskaga.
- Halda tvennar sameiginlegar menntabúðir fyrir framhaldsskóla á Norðurlandi og ferner menntabúðir í hverjum skóla á ári, þar af einar hvorn vetur sem nemendur sjá um að skipuleggja.
- Styðja við samstarfsmenningu innan skólasamfélagsins.
- Stuðla að fagmennsku og þekkingu innan skólanna á sviði kennslu og kennslufræða.
- Draga úr einangrun kennara og skóla með því að auka möguleika á samvinnu. - Styðja við þá kennara sem eru virkir í samstarfinu og leggja aukalega á sig. - Tengjast lærdómssamfélögum annarra kennara á svæðinu, t.d. Eymennt (menntabúðir grunnskólanna á svæðinu) og háskólasamfélaginu.
- Efla nemendur og hjálpa þeim að skipuleggja menntabúðir til að miðla hugmyndum sínum um gott skólastarf til starfsfólks skólanna.

## Upphafið

Hugmyndin um að koma menntabúðum á fót í Menntaskólanum á Akureyri kviknaði vegna þeirrar þarfar að skapa bæði tíma og vettvang fyrir starfsfólk til að deila reynslu og þekkingu og ræða mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Hugmyndin tengist líka ákveðinni áherslu á umbætur og gæði í skólastarfi. Hugmyndir Shirley Hord (2009) um faglegt lærdómssamfélag (e. professional learning community) og Fullan og Hargreaves (2016) og Hargreaves og Shirley (2009) um fjórðu leiðina í skólaþróun hafa meðal annarra varpað ljósi á mikilvægi samskipta og samvinnu kennara um sameiginleg gildi í skólastarfi sem og hlutverk nemenda við að móta markmið menntunar og skapa jákvæða skólamenningu.

Menntabúðir í MA voru fyrst haldnar haustið 2017 og voru haldnar samtals fjórar það skólaár. Fyrst um sinn voru menntabúðirnar að stærstum hluta tæknimiðaðar en með

árunum hafa efnin orðið fjölbreyttari en á sama tíma hafa þær tekið mið af þörfum og óskum starfsfólks. Eftir tvö tilraunaár í menntabúðaverkefninu var sótt um styrk frá Sprotasjóði sem unnið hefur verið eftir undanfarna þrjá vetur.

### **Tímabil styrksins – hvað var gert**

Þessi þrjú ár síðan styrkurinn fékkst hafa á ýmsan hátt verið skrautleg en á sama tíma mjög gefandi. Verkefnið byrjaði af krafti fyrstu önnina í öllum Samnor skólunum. Haldnar voru innanhússmenntabúðir í öllum skólunum auk þess að haldnar voru stórar og veglegar sameiginlegar menntabúðir á Ólafsfirði. Eftir áramót fór að halla undan fæti þegar Covid hóf innreið sína. Í MA voru haldnar allar menntabúðir sem lagt var upp með, sumar rafrænar, en sameiginlegum menntabúðum sem áttu að vera í VMA var frestað. Haustið 2020 hófu skólar aftur störf í skugga Covid en byrjuðu þó af nokkrum krafti hvað menntabúðir varðar með afar áhugaverðum rafrænum menntabúðum sem UT-fulltrúar í VMA skipulögðu. Það virtust þó flestir skólanna eiga erfiðara með að setja menntabúðaverkefnið í forgang þegar svo margt annað var aðkallandi í skólastarfinu og því voru ekki haldnar allar þær innanhússmenntabúðir sem gert hafði verið ráð fyrir. Við héldum þó ótrauð okkar striki hér í MA og haldnar voru allar þær menntabúðir sem við gerðum ráð fyrir, ýmist í raumheimumeða rafrænt. Þriðji veturinn (2021-2022) gekk nokkuð vel en þá náðist að halda tvennar sameiginlegar menntabúðir, báðar í raunheimum, og var það fyrsti veturinn sem það markmið náðist. Auk þess voru haldnar nokkrar innanhússmenntabúðir þann vetur.

Á þessu tímabili voru einnig tvisvar haldnar svokallaðar nemendamenntabúðir í MA, en það er þegar nemendur velja efni og stýra málstofum opnum nemendum og starfsfólki sjálfir. Markmiðið með þeim var að hlusta á og efla raddir nemenda sem oft standa utan við þá umræðu sem beinist að skólamálum og skólaþróun sem þó eiga að hafa það að leiðarljósi að vera þeim til hagsbóta. Nemendur fá tækifæri til að hafa bein og jákvæð áhrif á skólasamfélagið á lýðræðislegan hátt. Lýðræðislegar umræður og þátttaka í þeim efla ekki einungis víðsýni og viðhorf nemenda (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir, 2018) heldur eru þær mikilvæg leið til þess að miðla reynslu og upplifun kynslóða og skapa þannig þýðingarmikið samtal um hvernig við mótum lýðræðislegt og réttlátt skólasamfélag.

### **Kynningar á verkefninu**

Verkefnið hefur verið formlega kynnt á tvennan hátt. Fyrst á ráðstefnunni *Menntun til framtíðar* sem haldin var í Fjölbautaskólanum í Breiðholti föstudaginn 20. september. Þetta er ráðstefna fyrir starfsfólk framhaldsskóla og er hún haldin af Félagi framhaldsskólakennara, Félagi stjórnenda í framhaldsskólum,

Skólameistarafélagi Íslands, Samtökum áhugafólks um skólaþróun, Námsbraut Háskóla Íslands um kennslufræði framhaldsskóla og háskóla, Rannsóknarstofu um þróun skólstarfs og Rannsóknarhóp um starfshætti í framhaldsskólum. Um 250 manns sóttu ráðstefnuna. Verkefnið var kynnt á málstofu sem tveir kennarar úr MA stóðu fyrir. Málstofan var nokkuð vel sótt og vakti verkefnið áhuga þeirra sem hana sóttu. Einnig skrifaði þáverandi stýrihópur í MA grein í Skólaþræði sem birtist 4. maí 2020 (Anna Eyfjörð Eiríksdóttir, Arnfríður Hermannsdóttir og Eva Harðardóttir, 2020) þar sem fjallað er um hvernig verkefninu er háttað í skólanum. Auk þess hafa reglulega verið birtar fréttir á vefum skólanna eftir að menntabúðir, bæði innanhúss og sameiginlegar, hafa verið haldnar. Það má því segja að verkefnið hafi verið kynnt nokkuð vel.

### **Markmið og árangur**

Öllum markmiðum verkefnis samkvæmt umsókn hefur verið náð fyrir utan fjölda menntabúða á ári, bæði sameiginlegum og innan hvers skóla, og má að stórum hluta skella skuldinni á Covid hvað það varðar. Við höfum án efa eftir lærdómssamfélög kennara á svæðinu og stutt við samstarfsmenningu innan skólasamfélagsins. Það hefur verið afar gefandi að auka samvinnu og samtál á milli skólanna með sameiginlegu menntabúðunum í stað þess að vinna einangrað hver í sínu horni. Nemendur hafa verið eflir með því að fá þá til að skipuleggja og halda málstofur um málefni sem brenna á þeim sem jafnframt hefur aukið tækifæri þeirra til að hafa áhrif á skólasamfélagið á jákvæðan og lýðræðislegan hátt.

Ávinningur menntabúða seinustu þrjú ár er óumdeilanlegur. Í fyrsta lagi er augljóst að menntabúðir bæði innanhúss og sameiginlegar eru komnar til að vera. Það ríkir almenn jákvæðni fyrir stærri og virkari vettvangi kennara, starfsfólks og nemenda til að hafa áhrif á skólaþróun, stefnu og starf. Við vonumst enn fremur til þess að verkefnið haldi áfram að stuðla að sjálfbæru og öfluggu skólastarfi sem er í sífelldri endurskoðun með aðkomu allra sem í því lifa og hrærast, ekki síst nemenda, sem hafa yfir að búa óþrjótandi krafti og möguleikum til að gera gott starf enn betra.

### **Rekstraruppgjör og næstu skref**

Nokkur rekstrarafgangur er að þessum þremur árum loknum og skýrist hann einkum af röskun vegna Covid. Sá afgangur mun vera nýttur áfram næsta vetur við að halda menntabúðir með sama sniði og þær hafa verið undanfarið enda hafa þær sannað ágæti sitt eins og fjallað hefur verið um hér ofar.

Að lokum ber að þakka innilega fyrir þennan styrk úr Sprotasjóði. Hann hefur svo sannarlega verið nýttur á góðan og uppbyggilegan hátt fyrir Samnor skólana, starfsfólk og nemendur þeirra.

Akureyri 31. maí 2022

Anna Eyfjörð Finnsdóttir Undirskrift verkefnisstjóra

Jón Harðarson Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

## Heimildir

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir, Arnfríður Hermannsdóttir og Eva Harðardóttir. (2020)

Menntun og nám – sameiginleg vegferð nemenda og kennara: Um menntabúðir í Menntaskólanum á Akureyri. *Skólaþræðir, tímarit samtaka áhugafólks um skólaþróun*. <https://skolathraedir.is/2020/05/04/menntun-og-nam-sameiginleg-vegferd-nemenda-og-kennara-um-menntabudir-i-menntaskolanum-a-akureyri/>

Fullan, M. og Hargreaves, A. (2016). *Bringing the Profession Back In: Call to Action*.

Oxford: OH: Learning Forward.

Hargreaves, A. og Shirley, D. (2009). *The Fourth Way: The Inspiring Future for Educational Change*. London: SAGE.

Hord, S. (2009). Professional Learning Communities. Educators work together toward a shared purpose – improved student learning. NSDC.

<http://www.ecapvideos.ca/ecap/resources/Hord2009.pdf>

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla Háskólaforlag Máls og Menningar.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir. (2018). Students' attitudes towards immigrants' rights: The role of democratic classroom discussions. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel C. Lefever (ritstj.) *Iceland studies on diversity and social justice in education* (bls 130-155). UK: Cambridge Scholars Publishing.